

starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2010



STARFSMENNTA
VERÐLAUNIN
2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit yfir starfið 2010	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastykir	
3. Helstu verkefni Starfsafli árið 2010	11
4. stefnumótunarfundur Starfsafli í nóvember 2010	14
5. Starfsáætlun Starfsafli 2011	14
6. Fjárhagur Starfsafli	16
6.1 Rekstur 2010 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2011	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2010

Árið 2010 einkenndist að mörgu leyti af aðstæðum sem hófust í árslok 2008 þegar atvinnuleysi náði áður óþekktum hæðum meðal fyrirtækja og starfsmanna sem sjóðurinn sinnir. Það var von aðstandenda Starfsafls að félagsmenn og fyrirtæki myndu áfram nýta sér vel þjónustu Starfsafls á þessum erfiðleikatímum eins og árið 2009 og gekk það eftir. Árið 2010 var í flokki metára í sögu sjóðsins.

Á sama tíma og fjöldi styrkja og styrkupp hæðir náðu áður óþekktum hæðum þá drógust tekjur sjóðsins saman árið 2010, einkum vaxtatekjur. Starfsmenntagjald af launatekjum starfsmanna jókst hinsvegar aðeins miðað við 2009 en náði ekki að vega upp fall í vaxtatekjum. Sjóðurinn stóð vel þrátt fyrir bankahrunið haustið 2008 og náði að verja eigur sínar að öllu leyti.

Einstaklingsstyrkir árið 2010 voru 2.009 og fækkaði lítillega eða um 8% frá árinu 2009 sem var metár. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 4% frá árinu 2009 sem og fjölda greiddra styrkja til fyrirtækja. Heildarupp hæð útgreiddra fyrirtækja- og verkefnastyrkja lækkaði hins vegar um 17%, einkum vegna minni ásóknar fyrirtækja í íslenskukennslu. Ástæða er til að fagna þessari þróun því það bendir til að fjármagn Starfsafls nýtist fleiri fyrirtækjum og starfsmönnum. Starfsmenn og stjórn Starfsafls hafa lagt sérstaka áherslu á að kynna fyrirtækjastyrki úti í atvinnulífinu með margs konar aðgerðum og verður lögð áhersla á þennan þátt í starfi Starfsafls áfram.

Starfsafl hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2010 í flokki félagasamtaka og fyrirtækja og er það sjóðnum mikil hvatning um að halda áfram á sömu braut.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum og samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á liðnu ári.

Reykjavík, í júní 2011,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri



2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Starfsmaðurinn öðlast þar með aukna færni og fyrirtækið eykur framlegð sína. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinni sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2010. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarféлага á vinnustaðafundi eða að stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir. Einnig var gefið úr sérblað með Fréttablaðinu ásamt öðrum fræðslusjóðum. Þessar heimsóknir skiluðu töluverðum árangri og verður áfram lögð sérstök áhersla á þær á næstu árum.

2.1. Einstaklingsstyrkir

Á árinu 2010 voru veittir alls 2.009 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Það er um 8% fækkun á fjölda miðað við 2009 sem var algert metár hjá sjóðnum. Fé til þessara styrkja minnkaði hlutfallslega um það sama, úr 67,9 m.kr. árið 2009 í 62,6 m.kr árið 2010 (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fækkaði um 17% en heildarupphæð hækkaði um 4% vegna minni niðurgreiðslna ríkis og sveitarféлага. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði töluvert, vegna minni niðurgreiðslna, eða að jafnaði úr tæplega 16 þús. kr. í tæplega 20 þús. kr. pr. nemenda eða um 26% hærri upphæð.


Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2009 og 2010.

	2009	2010	% breyting frá 2009
Fjöldi styrkja alls	2.175	2.009	-8%
Upphæð styrkja alls	67,9 m.kr	62,6 m.kr	-8%
Meðalupphæð styrks	31.208 kr	31.160 kr	-0,2%
Fjöldi íslenskustyrkja	706	583	-17%
Upphæð íslenskustyrkja alls	11,1 m.kr	11,6 m.kr	+4%
Meðalupphæð íslenskustyrks	15.757 kr	19.897 kr	+26%

Hámarks styrkupphæð einstaklingsstyrkja var óbreytt, 60.000 kr, árið 2010 en aldrei er þó meira styrkt en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum félagsgjalda en fullur styrkur miðaðst við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Byrjað var að styrkja nám til almennra ökuréttinda í lok árs 2008. Ákveðið var að draga úr þessum styrkjum frá og með 1. apríl 2010. Einnig var byrjað á, í árslok 2008, að greiða út styrki til einstaklinga strax eftir greiðslu skólagjalda en ekki að loknu námi eins og áður var.

Var það gert samkvæmt ábendingu Vinnumálastofnunar. Einnig dró úr niðurgreiðslum ríkis og sveitarfélaga til íslenskukennslu og hækkar það meðaltal þeirra styrkja.


Í lok árs 2010 var ákveðið að uppfæra upphæð 3ja ára uppsafnaðs einstaklingsstyrks í samræmi við þróun ársstyrks.



Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árið 2010 og dreifing á nám.


Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 29% allra styrkja (Mynd 1), og minnkaði hlutfallslega miðað við 2009 (32%). Útlendingum hefur fækkað á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 19% (Mynd 2), sem er heldur hærra en árið 2009. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 7% af heildarfjölda umsókna árið 2010 en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 16%, heldur minna en undanfarin ár. Hætt var að styrkja verklegt, almennt ökunám í apríl 2010 en bóklegt nám styrkt. Við það dró mjög úr kostnaði við þessa tegund náms eða úr 19% af kostnaði árið 2009 en var um 9% árið 2010 (Mynd 2). Fjöldi styrkja í nám í formlega skólakerfinu hefur aukist og var samtals um 28% (háskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, starfsnám, sérskólar) af fjölda en var um 20% árið 2009. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður.

Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja 2010



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árið 2010 á nám.

Þjóðerni umsækjenda 2010



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjölda eftir þjóðerni umsækjenda.

Auk íslendinga, sem voru fjölmennastir styrkþega (41%), voru pólvörjar áberandi meðal styrkþega, eða 34% (Mynd 3). Þar á eftir koma litháar, víetnamar, lettar, filippseyingar og portúgalar, 2 – 4% hver þjóð. Aðrar þjóðir voru fámennari.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir


Alls bárust 99 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2010 sem er 4% aukning miðað við 2009. Fjórum umsóknum var hafnað eða frestað og óskað viðbótarupplýsinga sem er minna en árið 2009 (15). Veitt voru 95 styrkloforð til fyrirtækja á árinu 2010 sem er um 19% aukning frá 2009 (80 loforð). Greiddir voru alls út 84 styrkir til fyrirtækja (11% fleiri en 2009) að upphæð um 13,5 m.kr. Þrátt fyrir fleiri styrki þá dróst heildarupphæð styrkja saman, var 15,3 m.kr sem er um 18% minni heildarupphæð miðað við 2009 (18,6 m.kr., Tafla 2). Stór hluti af þessari minnkun á heildarupphæð fyrirtækjastyrkja felst minni og færri styrkjum til íslenskunáms fyrirtækja og minni styrkjum til námsefnisgerðar og í fræðslustjóráverkefnið. Árið 2009 voru greiddar út rúmar 2 m.kr. til íslenskukennslu fyrirtækja en samsvarandi upphæð árið 2010 var um ein milljón kr (Tafla 2). Sambærileg minnkun var í fræðslustjóráverkefninu, í það voru greiddar tæpar 4 m.kr. árið 2009 en 1,8 m.kr. árið 2010 (Tafla 2). Það skýrist af aukinni þátttöku annarra fræðslusjóða í verkefninu sem komu inn í verkefnið árið 2010.

Starfsafl hefur því náð að draga úr fjárveitingum til fyrirtækjastyrkja á árinu 2010 án þess að það hafi bitnað á starfsfræðslunni í fyrirtækjum. Þvert á móti hefur styrkjum fjölgað hægt og bítandi sl. ár og sífellt fleiri starfsmenn hafa notið fræðslu með fyrirtækjastuðningi Starfsafls. Þeir voru um alls um 2.300 árið 2010. Þegar við bætast 2.009 einstaklingsstyrkir er ljóst að fræðslustyrkir Starfsafls ná til mikils fjölda þeirra starfsmanna sem greitt er af til sjóðsins.

Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2009 og 2010.


	2009	2010	% breyting frá 2009
Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls	95	99	+4%
Samþykkt styrkloforð	80	95	+19%
Fjöldi greiddra styrkja alls	76	84	+11%
Greiddir fyrirtækjastyrkir	15,1 m.kr	13,5 m.kr	-11%
Þar af:			
Íslenskustyrkir til fyrirtækja	2,1 m.kr	0,9 m.kr	-55%
Fræðslustjóráverkefni	4,0 m.kr	1,8 m.kr	-54%
Aðrir verkefnastyrkir	3,5 m.kr	1,9 m.kr	-46%
Upphæð styrkja alls	18,6 m.kr	15,3 m.kr	-19%
Meðalupphæð fyrirtækjastyrks	198.993 kr	160.207 kr	-19%

Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við styrki á árunum 2009 og 2010



Mynd 4. Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2009 og 2010, flokkað eftir tegund starfsnáms eða verkefnum.

Samanburður á fjölda greiddra styrkja eftir atvinnugreinum á árunum 2009 og 2010



Mynd 5. Samanburður á fjölda greiddra styrkja til fyrirtækja árin 2009 og 2010, flokkað eftir atvinnugreinum.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna (Tafla 3). Styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn of lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Margt hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2010.

Umsækjandi	Samstarf	Verkefni
1912 samstæðan	Attentus	Fræðslustjóri að láni
ALP Bilaleiga	Jóhann Ingi Gunnarsson	Þjónusta og liðsheild
Bananar	Vinnueftirlitið	Öryggistrúnaðarm.námskeið
Centerhotels	Attentus	Fræðslustjóri að láni
Ferskar kjötvörur	Mavæla & gæðakerfi ehf.	Matvæla og gæðakerfi
FoodCo	Starfsleikni	Samtalstækni
Gunnars majones	Attentus	Fræðslustjóri að láni
Hótel Ísafold	Gerum betur	Íslenska
Hreinsitækni	Nýi ökuskólinn	Meirapróf
Hreint	DOOR Training	Samskipti
IGS	MSS	Samskiptanámskeið
ÍAV	HR	Merking vinnustaða
Ísl. gámafélagið	MSS	Fræðslustjóri að láni
Jarðboranir ehf	Fearnley Procter Group	Holustjórnun
Kaffitár ehf	Attentus/MSS	Fræðslustjóri að láni
Keflavíkurflugvöllur	Umhverfisstofnun	Skotvopnanámskeið
KFC á Íslandi	Sýni	Umgengni við matvæli
Kjörís	Sýni	Matv. og hreinlæti
Kynnisferðir	Þekkingarmiðlun	Þjónustunámskeið
Lystadún	Dale Carnegie	Stjórnendapjálfun
Matborðið	Sýni	Matreiðslunám
Miklatorg	Íslenska	Betri árangur
Mjólkursamsalan	Vinnueftirlitið	Vinnuvélanámskeið
N1	N1	Eigin fræðsla
Nings	Gerum betur	Þjónustunámskeið
Nói Sírius	Rauði Kross Íslands	Skyndihjálp
Nýprif	Saga Akademía	Íslenska
Papco	Nýsköpunarmiðst Íslands	Verkstjóranám
Park Inn Ísland	Öryggismiðstöðin	Brunavarnir
RadisonBLU	Radison og ParkInn	Eigin fræðsla
Reykjavík Excursions	Þekkingarmiðlun	Þjónustunámskeið
Securitas	MSS, Capacent	Þjónustunámsk
Securitas	Háskólinn í Reykjavík	Þjónustunámskeið
Skólamatur	Sýni	Meðhöndlun matvæla
Sólaræsting	Dale Carnegie	Þjónustunámskeið
Sólning ehf	Attentus	Fræðslustjóri að láni

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Lögð vinna í að uppfæra heimasíðu Starfsafls með reglubundnum hætti og hafa upplýsingar þar réttar og áhugaverðar.
- Framkvæmdastjóri hefur skrifað greinar í dagblöð vakin er athygli á þjónustu Starfsafls. Þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vekja athygli stjórnenda á starfsmenntamálum. Árið 2010 var skrifað sérblað um símenntun og þar voru m.a. starfsmenntasjóðir áberandi með greinum og viðtölum.
- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna. Þar tókum við dæmi um félagsmenn sem hafa notið

- fyrirgreiðslu (vitnisburður) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafl. Hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
 - Starfsmenn Starfsafls taka þátt í vinnustaðafundum eins og kostur er, gjarnan með námsráðgjöfum Mímis (námsráðgjöf á vinnustað, sjá mimir.is). Hefur skilað töluverðu.
 - Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
 - Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
 - Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja á 30-45 daga fresti. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavini á þjónustu sjóðsins.
 - Framkvæmdastjóri fer á fundi menntanefnda Samtaka atvinnulífsins og kynnir Starfsafl.
 - Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins. Í febrúar 2010 héldu Stjórnvísir, Starfsafl og VIRK starfsendurhæfing sameiginlegan fund þar sem starfsmannastjórar/mannauðsstjórar voru boðaðir. Um 40 manns mættu á fundinn sem heppnaðist vel.
 - Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja, á því leikur enginn vafi, en þetta er frekar dýr leið og vinnufrek fyrir alla. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
 - Starfsafl hefur fengið markaðsfyrirtæki til að gera frumathugun á okkar markhópi til að geta nálgast hann betur. Unnið er áfram að þessu verkefni.
 - Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



, segir frá
tu
neð

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2010.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 14 stjórnarfundir á árinu 2010. Í stjórn sátu:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefningaraðili</i>	<i>Annað</i>
Árni Ingi Stefánsson	Samtök atvinnulífsins	
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Stjórnarformaður
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Varaformaður
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Verður haldið áfram á sömu braut eftirleiðis, eftir því sem kostur er. Aðstæður fyrirtækja til að taka á móti heimsóknum eru þó eðlilega misjafnar. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.

Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Matvælavinnslunám

Síðustu misseri hefur Starfsafl leitt vinnu við undirbúning að nýju námi í matvælavinnslu í samstarfi við Rannsóknþjónustuna Sýni ehf og Eflingu stéttarfélag. Myndaður var vinnuhópur með aðkomu Eflingar, Starfsafls og Sýni ehf, fulltrúar Matvælastofnunar, Landsmenntar og Fræðslumiðstöðar atvinnulífsins. Byggt var á námskeiðum og námsefni frá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf en sem kunnugt er hefur fyrirtækið verið leiðandi á sviði námskeiða fyrir starfsmenn í matvælavinnslu, ekki síst almenna starfsmenn. Starfsmenn Sýnis unnu drög að námskrá árið 2009 og var það gert í samráði og samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og undirbúningshópinn. Starfsmenn Sýnis hafa mikla reynslu á þessu sviði, ekki síst með því að bjóða upp á sveigjanlega kennslu sem fellur að vinnsluferlum fyrirtækja. Á árinu 2010 var síðan ný námskrá um matvælavinnslunám gefin út hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Boðið er upp á 55 kennslustunda grunnám, dreift yfir lengra tímabil, ætlað öllum almennum starfsmönnum í matvælavinnslu, að viðbættum 5 kennslustunda sérhæfðu námi sem fer eftir fagsviði starfsmanna. Til dæmis má nefna fagsvið eins og brauð- og kókugerð,

mjólkurvinnslu, fiskvinnslu, kjötvinnslu, korn- og fóðurvinnslu og fleiri greinar. Jafnframt er unnið að gerð námskrár, viðbót við námið, sem ætlað er gæðastjórum matvælafyrirtækja. Búast má við að sú námskrá verði tilbúin í lok árs 2011 eða ársbyrjun 2012.



Fræðslustjóri að láni

Starfsafl hefur verið í samstarfi við Landsmennt í verkefninu Fræðslustjóri að láni en árið 2009 tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft. Árið 2010 var engin undantekning í því, unnið var áfram með eða án annarra sjóða í að koma verkefninu á ýmsum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfspróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Minerva/Attentus og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Það er mat Starfsafls að þessi nálgun eigi eftir að skila sér í breyttum og jákvæðum viðhorfum til starfsmenntunar og miklum árangri í framtíðinni. Aðkoma SVS hefur þýtt að verkefnið hefur náð til mun fleiri starfsmanna á þjónustusvæði Starfsafls og dregið mjög úr kostnaði Starfsafls vegna þessa verkefnis.



jóra að
on,
fli, Árný
arsson,

Sameiginlegt eyðublað fræðslusjóða

Starfsafl, Landsmennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks náðu samkomulagi á árinu 2009 þess efnis að þróa sameiginlegt rafrænt umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki til sjóðanna. Eyðublaðið var tilbúið árið 2010 og hefur gefið afar góða raun í þá veru að auðvelda fyrirtækjum að sækja sér styrki til margra sjóða í einu.

Páttaka í Evrópuverkefnum

Mannskiptaáætlun Leonardo

Starfsafl hefur átt samstarf við Eflingu stéttarfélag um umsókn og utanumhald vegna mannskriptaverkefna á vegum starfsmenntaáætlunar ESB eða Leonardo verkefna. Umsókn var undirbúinn árið 2010 til að senda í ársbyrjun 2011.

Annað starf

Aukin kynning í blöðum

Starfsafl gaf út sérblað með Fréttablaðinu í ágúst 2010 í samstarfi við aðra fræðslusjóði til kynningar á sjóðnum. Framtakið heppnaðist vel og urðu starfsmenn varir við aukinn áhuga fyrirtækja á þjónustu sjóðsins.

Starfsmenntaverðlaunin 2010

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim sem vinna að framúrskarandi verkefnum í fræðslumálum og starfsmenntun. Starfsafl fékk verðlaunin árið 2010 í flokki félagsamtaka og einstaklinga fyrir verkefnið Fræðslustjóri að láni. Við afhendinguna í sagði Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Starfsafls m.a.:

„Aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi hafa borið gæfu, áræði og metnað til að taka höndum saman í fræðslumálum vinnandi fólks. Við erum öfunduð af þessari samvinnu erlendis en hún er engan veginn fyrirfram sjálfgefin. Án þessarar samvinnu værum við mikið fátækari að lausnum. Við þurfum lausnir af hvers kyns tagi í okkar erfiða árferði. Með samvinnu aðila vinnumarkaðarins í farteskinu getum við horft með óbilandi bjartsýni fram á veginn.“



),

n



Starfsafli
Starfsafli

Stjórn að
Stjórn
Starfsafli

í SVS,

fls og
Stjórn

4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í nóvember 2010

Þann 25. nóvember 2010 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls stefnumótunarfund. Áhersla var lögð á tvennt, viðbrögð við samdrætti á vinnumarkaði og hins vegar ákveðið aðhald í rekstri sjóðsins. Þessum niðurstöðum var safnað saman og þær útfærðar betur í sérstakri verkefnaáætlun en ágrip af henni fylgir hér á eftir.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2011

Verkefni:

- Verkefni:** Einstaklingsstyrkir. Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við einstaklinga þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Upphæðir einstaklingsstyrkja verði óbreyttar frá 2010 en upphæð styrks vegna uppsafnaðra 3ja ára réttinda aukin.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2011
- Verkefni:** Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við fyrirtæki þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunaráætlanir komist til framkvæmda. Lögð verður sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki (1-50 starfsmenn). Byggt verður á samstarfi við SVS og Landsmenntun við kostun fræðslustjóra að láni sem þýðir minni útgjöld fyrir Starfsafli en óbreytt eða aukin þjónusta við fyrirtæki. Bæklingur og fræðsluefni var umskrifað og aðlagð aðkomu SVS árið 2010. Dregið verður úr aðstoð vegna námsefnisgerðar.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2011

3. *Verkefni:* Áhersla á að kynna rafrænt farnám fyrir atvinnulífið.
Leiðir: Samstarf við FA, SAF, SVP, aðra starfsmenntasjóði og erlenda aðila.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls ásamt SAF.
Tímarammi: Verklok í lok 2011
4. *Verkefni:* Áhersla á nýtt nám fyrir matvælaíðnaðinn með það að markmiði að búa til heilstætt 150-200 kest nám fyrir gæðastjóra.
Leiðir: Samstarf við Sýni. Tilraunanámskrá grunnnáms í matvælaíðnaði var kennd fyrri hluta árs 2010.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2011
5. *Verkefni:* Áhersla á gæðamál og framkvæmd RECALL í samstarfi við FA. Nokkuð þokaðist í rétta átt árið 2010.
Leiðir: Samstarf við FA o.fl.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2011 og áfram
6. *Verkefni:* Greina hvaða störf við höfum mesta þörf fyrir eftir 2-5 ár og bregðast við því á viðeigandi hátt í markaðsstarfi og þátttöku í sköpun námstilboða.
Leiðir: Þetta verkefni verður að skoðast í samhengi við fjárhagslega getu sjóðsins. Einsýnt að það þurfi samráð við aðra aðila í starfsmenntageiranum t.d. FA og fræðslusjóði. Hugsanlega með opinbera geiranum einnig.
Ábyrgð: Framkvæmdastjóri
Tímarammi: 2011 - 2015



6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2009 – nokkrar lykiltölur

Sem fyrr segir þá var Starfsafls rekinn með halla árið 2010 vegna áframhaldandi eftirspurnrar, sérstaklega á sviði einstaklingsstyrkja, sem og minnkandi tekna.

Tekjur sjóðsins árið 2010 voru 86,1 m.kr. (2009: 98,0 m.kr), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 96,7 m.kr (2009: 106,6 m.kr.) og eigið fé minnkaði um 10,6 m.kr (2009: minnkun 8,6 m.kr.) Eignir sjóðsins í árslok voru 159,3 m.kr (2009: 169,9 m.kr.). Þrátt fyrir allt eru stjórn og starfsmenn sjóðsins ánægð með að sterk staða sjóðsins skuli koma aukinni eftirspurn frá fyrirtækjum og einstaklingum til góða á árinu 2010. Með auknum hagvexti í þjóðfélaginu má reikna með að þessi hallarekstur hverfi á næstu árum með auknum tekjum sjóðsins en líklega er þakinu náð í eftirspurn eftir styrkjum.

6.2 Rekstraráætlun 2011 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir 3% hærri tekjum af starfsmenntagjaldi vegna launahækkana og aukinna umsvifa á vinnumarkaði, bæði í störfum og yfirvinnumagni. Um þetta ríkir hins vegar töluverð óvissa og eins með ávöxtun sjóða. Gert er ráð fyrir örlítið auknum vaxtatekjum með breyttu fyrirkomulagi ávöxtunar á fjármunum sjóðsins. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2010.

Áætlaðar tekjur ársins 2011:

- Framlög stéttarféлага (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,20% (3%)	72.425 þús kr
- Aðrir styrkir (innheimta loforða og Leonardo)	4.000 þús kr
- Vaxtatekjur (2%)	<u>8.957 þús kr</u>
Tekjur ársins samtals, áætlun (-8%):	92.382 þús kr

Áætluð útgjöld 2011

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (+8%)	20.334 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (+4%)	65.104 þús kr
- Verkefnastyrkir (+4%)	<u>15.946 þús kr</u>
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (+5%):	101.384 þús kr

Tekjur umfram gjöld -9.002 þús kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2011 (-6%) 150.282 þús kr

Kostnaður við styrkkrónu 2006	0,59 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2007	0,42 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2008,	0,34 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2009,	0,23 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2010,	0,24 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2011, skv. áætlun	0,25 kr

Líkur eru á að árið 2011 verði hagstætt að einu leyti fyrir tekjur sjóðsins en það eru styrkir frá ýmsum aðilum. Við það mun rekstrarkostnaður aukast eitthvað á móti en í staðinn mun verða til enn meiri þekking hjá sjóðnum til að sinna hlutverki sínu betur. Áfram er gert ráð fyrir miklu atvinnuleysi a.m.k. stóran hluta ársins 2011 og ljóst að eftirspurn eftir stuðningi sjóðsins verður talsverð á árinu.



Var frá
amt
v.) og
10.



inga um
ólningu
on,
Ís, Árný
íafi,
ningar